

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auðlýsing um reglugjörd fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1905 (A nr. 67, bls. 390—407).

Opíð brjef um samþykkt á kosning Hans konunglegu tignar prins Christians Frederiks Carls Georgs Valdemars Arels til konungs í Noregi, undirskrifuð af konungi 20. nóvbr. 1905 (A nr. 68, bls. 408—409).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujardarinnar 123 **Glæsibæjar.** 5. desbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Glæsibæ í Glæsibæjarhreppi, sem er eign Möðruvallaklaustursprestakalls í Eyjafjardarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2750 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4%, að 4% af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoduð sem bændaeign, að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins, og ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujardanna 124 **Gljúfurarkots og Sveinsstaða.** 5. desbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sit til þess að selja megi jarðirnar Gljúfurarkot og Sveinsstaði ásamkvæmt tilheyrandi afrjett, sem heyra undir Vallaprestakall í Eyjafjardarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 3000 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðanna ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4%, að 4% af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jarðirnar ásamt tilheyrandi afrjett verði framvegis skodaðar sem bændaeignir að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverði herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið

124 til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað 5. desbr. til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

125 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kristfjárjarðarinnar**
5. desbr. **Sljettu í Sljettuhreppi.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi kristfjárjörðina Sljettu í Sljettuhreppi, sem heyrir undir Vatnsfjarðarprestakall í Norðurisafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2350 kr. með þeim skilyrðum, að af söluandvirðinu verði notaðar 1200 kr. til þess að losa prestakallið að fullu við þá kvöð að halda kristfjárómaga fyrir Sljettuhrepp, að eptirstöðvarnar, 1150 kr., ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4⁰/₀, að 2 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeygn að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði þeim hluta kaupverðsins, er ávaxtast skal undir yðar umsjón, varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau að þau sjeu eign prestakallsins og að eigi megi afhenda þau.

126 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu um skipting**
21. desbr. **ing Breiðdalshrepps í tvö sveitarfjelög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. maí þ. á., hefir stjórnarráðinu borizt erindi frá hreppsnefndinni í Breiðdalshreppi í sýslu yðar um skipting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skipting þessi verði leyfð. Ennfremur hafa hingað borizt með brjefi yðar, dags. 18. f. m., tillögur yðar og hreppsnefndar Breiðdalshrepps um tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna tveggja fyrirhuguðu hreppa.

Útaf þessu skal hjermeð samkvæmt 23. og 2. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Breiðdalshreppi í Sudurmúlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að annar hreppurinn nái yfir Breiðdal að Merkikambi í Hvalneskriðum og haldi nafninu Breiðdalshreppur, en hinn hreppurinn nái frá aðurnefndum Merkikambi kringum Stöðvarfjörð að svonefndu Merkigili fyrir austan Bæjarstaði og nefnist Stöðvarhreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Breiðdalshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Breiðdalshrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, en í hlut Stöðvarhrepps